



Viðskiptaumhverfið á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi – hver er staðan tveimur árum eftir hrun?

Margrét Guðmundsdóttir

Formaður Félags atvinnurekenda og forstjóri Icepharma

Hvað er norrænt velferðarsamfélag?

- Heildstætt samfélag þar sem tekið er tillit til allra þegna og hagsmunir samfélagsins hafnir yfir sérhagsmuni einstakra hópa:
 - Áhersla lögð á virka atvinnustefnu og mikilvægi þess að skapa sér markaðslega sérstöðu í alþjóðlegu samhengi með því að skara fram úr. Skilningur á samkeppnishæfni einstakra atvinnugreina
 - Verslun og þjónusta eru jafn mikilvægar greinar og “undirstöðuatvinnugreinarnar”
 - Þátttaka í ESB með það í huga að hafa áhrif, t.d. á umhverfismál og landbúnaðarmál, sem gagnast öllum þegnum sambandsins
 - Samfélagið er opið fyrir erlendum fjárfestingum, sem þó fylgja innlendri löggjöf
 - Mikil áhersla lögð á rannsóknir, vísindi, tæknimenntun og viðskiptamenntun sem nýtast mun atvinnulífinu
 - Áhersla lögð á umhverfismál

Hvað er norrænt velferðarsamfélag? (frh)

- Viðskiptasiðferði er ríkur þáttur í opinberri stjórnsýslu og rekstri fyrirtækja – kunningjasamfélag og pólitískar ráðningar eru í algjöru lágmarki
- Skattheimta er há og tekjujöfnun á sér stað í gegnum skattkerfið
- Stærstu útgjaldaliðir eru heilbrigðismál, menntamál, félagsmál, samgöngumál og varnarmál
- Félagslega kerfið heldur utan um þá sem minnst mega sín – forsjá er á vegum hins opinbera, ekki á vegum hjálparsamtaka
- Atvinnuleysi hefur oft verið mikið og hefur náð að festa rætur
- Meiri almenn nægjusemi
- Velferðarsamfélagið getur verið letjandi fyrir ákveðna einstaklinga og hópa

Hver er staðan eftir tvö ár? – jákvæðu atriðin

- Bankarnir voru endurreistir og allir innviðir fjármálakerfisins virka
- Atvinnuleysi var 7,3% í ágúst 2010, en um 9% í ársbyrjun 2010
- Gengið hefur styrkst
- Verðbólga er nú um 3,7% á ársgrundvelli
- Stýrivextir hafa lækkað
- Skuldaálag ríkisins hefur lækkað
- Von er um að halli ríkissjóðs verði um 38 milljarðar í árslok 2011, en var 216 milljarðar 2008
- Umsókn um aðild að ESB

Hvað hefur ekki virkað?

- Heimilin í landinu bíða enn eftir lausn sinna mála. Talið er að um 40.000 heimili eigi enn í vandamálum
 - eingöngu 128 einstaklingar hafa fengið sértæka skuldaaðlögun í bankakerfinu varðandi húsnæðislán
- Óskýr skilaboð frá stjórnvöldum um hvort hætt sé við lagasetningu varðandi skuldir heimila, sem viðskiptaráðherra boðaði, í ljósi nýs samkomulags við AGS
- Mjög mörg fyrirtæki hafa enn enga lausn í sjónmáli. Eru ólögleg lán ekki alveg jafn ólögleg þó lántaki sé fyrirtæki?
- Kaupmáttur launa rýrnaði um 15,5% árið 2009, sem er met
- Harkalegur niðurskurður í heilbrigðiskerfinu er farinn að leiða til læknaskorts
- Mikið ójafnvægi er á milli atvinnugreina og hvernig hagsmunum þeirra er sinnt

Af hverju stafar þessi meгна óánægja með störf Alþingis?

- Forgangsröðun verkefna og verkaskipting – allir þingmenn að ræða Icesave svo mánuðum skiptir
- Þingmenn eru uppteknir af uppgjöri við fortíðina og gleyma nútímanum og framtíðinni – sinna þarf hvoru tveggja
- Alþingi fær ekki virðingu í samfélaginu þegar pólitískt skítkast heldur áfram
- Undirstöðuhjól samfélagsins eru heimilin og þegar þau hjól snúast ekki lamar það einnig atvinnulífið, þar sem neysla er í lágmarki. Fjöldamörg fyrirtæki og heimili enn í biðstöðu
- Aukin skattlagning virðist eingöngu vera að draga mátt úr heimilum og fyrirtækjum
- Af hverju má ekki skattleggja séreignasparnað?

Mismunandi starfskilyrði: Landbúnaður og heilbrigðiskerfið



- Mikil verndarstefna er enn í gangi í íslenskum landbúnaði og hindranir settar fyrir innlenda samkeppni og erlendan innflutning
- Lög landsins heimila enn að þeim sem stunda sauðfjárbúskap sé heimilt að nota eignir annarra undir eigin atvinnustarfsemi í óþökk þeirra
- Fjárlagafrumvarp fyrir 2011 gerir ráð fyrir að um 13,8 milljarðar renni til landbúnaðar, þar af 4,3 milljarðar til sauðfjárræktar, sem er aukning um 142 milljónir á milli ára
- Skv. fjárlagafrumvarpi fyrir 2011 er sparnaðarkrafa til heilbrigðisstofnana utan Reykjavíkur tæplega 2,9 milljarðar. (Skt. Jósefsspítali og Heilbrigðisstofnanirnar á Suðurnesjum, Vesturlandi, Patreksfirði, Vestfjörðum, Blönduósi, Sauðárkróki, Fjallabyggð, Húsavík, Austurlandi, Suð-Austurlandi, Vestmannaeyjum og Suðurlandi). Heildarrekstrarkostnaður þessara sömu stofnana árið 2011 er áætlaður tæplega 4,3 milljarðar
- Hvers konar landsbyggðarstefnu viljum við?

Samkeppni á matvörumarkaði

- Á smásöllumarkaði eru Hagar og Kaupás með um 80% af matvörumarkaðnum – þar af er Bónus með um 50% og Krónan um 22%
- Á heilsöllumarkaði með matvörur eru þessar keðjur ráðandi, en um 35% af allri matvöru í þessum verslunum er eigin innflutningur
- Eigin innflutningur fær ráðandi hluta af hilluplássi í verslunum
- Æ erfiðara er fyrir sjálfstæðar heilsölur að koma vörum sínum að og mörg þekkt vörumerki eru ekki lengur á boðstólum
- Sjálfstýrkjandi ferli varðandi framboð á ódýrustu vörunum og óhollustu


2 keðjur stýra neyslu og innkaupum fyrir 80% af markaðnum




Markaðshlutdeild	55% Bónus 50% Hagkaup 3% 10-11 2%	25% Krónan 22% Nóatún 2% 11-11 1%
Eigin innflutningur	35-40%	35-40%
Verslað af heildsölum	60-65%	60-65%
Ákvörðunarvald		

Fæðupýramídi

Pýramídi góðs mataræðis



Pýramídi mataræðis Íslendinga



Niðurstaða

- Við eigum enn langt í land með að verða norrænt velferðarsamfélag
- Við verðum að losa okkur úr viðjum vanans hvernig hlutirnir eiga að vera og hvaða forgangsröðun er eðlileg
- Við verðum að hugsa um hagsmuni heildarinnar en ekki hagsmuni fámennra þrýstihópa
- Lausn fyrir heimilin í landinu og minni og meðalstór fyrirtæki þolir enga bið